



INNLEIÐING MENNTASTEFNU UM NÁM ÁN AÐGREININGAR KORTLÖGÐ

Könnun á ýmsum leiðum og möguleikum við þróun vísbenda

Verkefnið „Innleiðing menntastefnu um nám án aðgreiningar kortlögð“, sem 60 sérfræðingar frá 27 Evrópulöndum tóku þátt í, hefur skilað þeim árangri að nú er hægt að benda á ýmis lykilatriði sem styðjast má við á þessu sviði í framtíðinni. Þessi lykilatriði eru í forgrunni hér í þessu riti þar sem gefið er yfirlit yfir heildarniðurstöður verkefnisins.

Ýmsir þættir stuðla að því að hægt er að kortleggja innleiðingu menntastefnu um nám án aðgreiningar:

- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2006) og einnig áætlun ESB um málefni fatlaðra 2010–2020 og rammaáætlunin um Evrópusamstarf á sviði náms og menntunar (ET-2020), sem fjalla um jafnrétti til náms, eru meginhvatinn að námi án aðgreiningar víða um lönd. Öll þessi alþjóðlega áhersla á ný stefnumál krefst þess að gögnum sé safnað á kerfisbundinn hátt og sýnt sé fram á að hve miklu leyti farið er að viðkomandi samningum og markmiðum um nám án aðgreiningar í viðkomandi löndum.
- Almennur skilningur er á því að mikilvægt sé að fylgja gagnreyndri stefnumörkun við þróun menntakerfa án aðgreiningar til langframa. Stefnumótendur, sérfræðingar á sviði gagnasöfnunar og fræðimenn vita að safna þarf gögnum á landsvísu sem uppfylla ekki aðeins kröfur um alþjóðlegar viðmiðanir, heldur miða einnig að sameiginlegu átaki bæði á landsvísu og á alþjóðlegum vettvangi. En þótt ljóst sé að slík gögn séu nauðsynleg er þó ekki eins augljóst hvaða aðferðum og reglum sé best að beita við söfnun og greiningu gagna af því tagi.
- Allar stofnanir sem starfa á Evrópuvísu þurfa að vinna saman og skiptast á upplýsingum til að sem bestur árangur náist og hvert land fái eins góðan stuðning í starfi sínu og unnt er.
- Stefnumótandi aðilar þurfa að hafa aðgang að yfirgripsmiklum upplýsingum, og stofnanir á ýmsum sviðum, bæði þær sem starfa á landsvísu og Evrópuvísu, þurfa að beita alls kyns aðferðum við gagnasöfnun.

Í öllum viðkomandi löndum eru menn sammála um að innleiðing menntastefnu um nám án aðgreiningar sé flókið og fjölpætt verkefni. Tillögurnar sem settar eru fram í verkefninu skapa grundvöll fyrir nákvæmari langtímarannsókn þar sem eigindlegum og meginlegum gögnum er safnað. Þessi gögn má síðan nota til að efla Evrópuframtak á þessu sviði – einkum rannsókn Eurostat á námi án aðgreiningar – sem og því starfi sem fram fer í einstökum löndum.

Hægt er að tilgreina ýmis sértæk viðfangsefni sem safna þarf nánari upplýsingum um, bæði á landsvísu og Evrópuvísu. Þessi viðfangsefni, ásamt hugsanlegum leiðum til að nálgast þau, eru til umfjöllunar í eftirfarandi köflum.



Þróa þarf gagnreynda menntastefnu um nám án aðgreiningar

Skilgreina má nám án aðgreiningar sem viðveru (aðgengi að menntun og námsástundun), þátttöku (gæði námsins frá sjónarhóli nemenda) og árangur (námsferli og frammistaða í námi) allra nemenda í almennum skólum. Í öllum viðkomandi löndum er þróun gagnreyndrar menntastefnu um nám án aðgreiningar augljóst forgangsmál.

Fimm lykilatriði varðandi gagnasöfnun lúta að því að afla þarf vitneskju um nám án aðgreiningar á landsvísu:

- 1 - tengja þarf gagnasöfnun á landsvísu þeim samningum sem gerðir hafa verið innan Evrópu;
- 2 - skilja þarf áhrif þess að menntakerfin eru mismunandi í viðkomandi löndum;
- 3 - greina þarf hvaða árangri nám án aðgreiningar skilar;
- 4 - safna þarf gögnum til að fá vitneskju um þætti sem lúta að gæðamálum;
- 5 - fylgjast þarf til langframa með framförum sem nemendur taka.

Stefnumótendur þurfa að fá í hendur eigindleg og megingdleg gögn sem sýna fram á gæði þeirrar menntunar sem nemendur með sérþarfir fá.

Þessi meginatriði endurspeglar almenn tilmæli sem koma fram í skýrslunni „World Report on Disability“ (2011) um að viðkomandi lönd þurfi að uppfæra gagnasöfnunarkerfi sín með megingdlegum gögnum, og einnig þurfi að fara fram nákvæm og sértæk eigindleg rannsókn á fjárhagslegri hagkvæmni og öðrum þáttum sem tengjast gæðaeftirliti.

Samræma þarf starfið í Evrópu almennum hugmyndum um að allir nemendur skuli stunda nám án aðgreiningar. Það hefur í för með sér:

- að endurskilgreina þarf „hefðbundna“ markhópa við gagnasöfnun og líta svo á að allir nemendur geti átt á hættu að einangrast, svo sem innflytjendur eða nemendur sem stunda ekki formlegt nám, sem og nemendur með sérþarfir;
- að sértæk gagnasöfnum um nám án aðgreiningar þarf að verða hluti af allri „venjulegri“ gagnasöfnun um menntamál.

Komast þarf að samkomulagi um gagnasöfnun á Evrópuvísu til að hægt sé að rekja möguleika á námi án aðgreiningar á öllum menntastigum – allt frá leikskóla til fullorðinsfræðslu.

Kanna þarf aðferðir sem beitt er við gagnasöfnun á Evrópuvísu

Þegar verkefni sem unnin hafa verið af alþjóðlegum stofnunum eru skoðuð kemur í ljós að við gagnasöfnun er einkum beitt þrenns konar aðferðum – gengið út frá því hvar nemendur sem greindir eru með sérþarfir stunda nám, flokkun sérþarfa eða viðbótarúræðum sem veitt eru vegna sérþarfa.

Þessar aðferðir eru allar byggðar á sömu og algjörlega samtengdu grunnhugmyndunum – greiningu sérþarfa og þeim stuðningi sem þarafleiðandi þarf að veita vegna sérþarfa. Mismunandi áherslur í hverju tilviki leiða þó til hugsanlegra styrkleika og veikleika.

Gögn þurfa að vera tiltæk á landsvísu til að samanburðarvinna getið farið fram á Evrópuvísu

Til að slíkt starf skili árangri þarf að liggja fyrir hvaða landsgagna skal aflað, hvernig þeirra er aflað, hvaða tækni skal beitt og af hverjum, bæði á lands- og Evrópuvísu. Nota þarf „sama tungumál“ við gagnasöfnun um nám án aðgreiningar þar sem sami skilningur er lagður í lykilhugtök innan Evrópu.

Til lengri tíma litið mun Evrópustarfið beinast að gagnasöfnun sem gerir stefnumótendum kleift að greina hvaða aðferðir skila árangri í námi án aðgreiningar. Lögð verður áhersla á gögn sem sýna fram á gæði náms án aðgreiningar. Í slíku starfi væri hugsanlega hægt að þróa röð vísbenda fyrir söfnun eigindlegra gagna.

Vitað mál er að þegar innleiðing náms án aðgreiningar er kortlögð á alþjóðavísu blasa við þrjú meginvandamál. Þau tengjast skilgreiningum, aðferðum og stefnu á sviði náms án aðgreiningar.

Gagnreynda stefnu er aðeins hægt að móta með því að byggja á eigindlegum gögnum sem styðja meginlega gagnasöfnun. Þær kröfur sem pólitísk forgangsmál gera nú um meginleg gögn, einkum á Evrópuvísu, kunna þó að draga úr áherslunni á að góðum eigindlegum upplýsingum sé safnað.

Sameiginlegur rammi settur um markmiðasetningu

„Innleiðing menntastefnu um nám án aðgreiningar kortlögð“ er verkefni sem kallar á að settur sé sameiginlegur rammi um gagnasöfnun sem byggir á aðferðum sem beitt er við söfnun landsgagna, sem og samningum og reglum um alþjóðlega gagnasöfnun. Slíkur rammi um gagnasöfnun sem uppfyllir skilyrði stefnumótenda sem tóku þátt í verkefninu mun innihalda upplýsingar um: menntun og námsárangur nemenda með sérþarfir; stefnuþætti sem hafa áhrif á árangur; og áhrif tiltekinna eiginleika, bæði nemenda og menntakerfa, á frammistöðu.

Tilgreina má þrjú atriði sem forsendu sameiginlegs ramma:

- að tekin sé upp kerfisbundin aðferð við gagnasöfnun sem byggist á sameiginlegum hugmyndum og skilgreiningum;
- að aflað sé vitneskju sem gefur bæði eigindleg og meginleg viðmið;
- að notaður sé marglaga rammi til að greina stefnu á landsvísu og alþjóðavísu.

Hinn sameiginlegi rammi sem lagt er til að notaður sé til að kortleggja nám án aðgreiningar skilgreinir á skýran hátt mismunandi áherslur eigindlegrar og meginlegrar gagnasöfnunar í tengslum við:

- framlag, ferli, niðurstöðu og útkomu menntakerfisins;
- kerfið, skólann, skólastofuna – og með tilliti til þeirra þátta – námsstig nemenda.



Með slíkum ramma væri hægt að nota bæði landsbundin og alþjóðleg viðmið til að efla:

- skilning á áhrifum þess að menntakerfi viðkomandi landa eru mismunandi;
- þá þætti sem sameiginlegir eru menntakerfum án aðgreiningar víða um lönd;
- sýnileg áhrif mismunandi þátta í menntakerfum, svo sem miðstýringar, kennaramenntunar og þjálfunar fyrir annað fagfólk, sjálfsvalds skóla og skipulags og úrræða fyrir nemendur með sérþarfir.

Mikilvægt er að byggt sé á slíkri aðferð við þróun gagnasöfnunar í viðkomandi löndum til að hægt sé að hafa eftirlit með því að nemendur njóti réttar síns og einnig til að fylgjast megi með skilvirkni menntakerfa þar sem nám fer fram án aðgreiningar.

Eftirlit með réttindum nemenda

Á komandi árum verður gagnasöfnun að fara fram í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2006), þar sem tekið er æ meira tillit til hans við setningu lagaramma um menntamál. Þegar innleiðing menntastefnu um nám án aðgreiningar er kortlögð er því nauðsynlegt að til séu vísbendar sem sýna fram á að nemendur með sérþarfir njóti jafnræðis í menntakerfinu.

Hægt er að sjá hvernig helstu réttindamál svara til ýmissa stiga mómóðelsins sem sýnir „framlag-ferli-niðurstöðu/útkomu“:

- *framlag getur samsvarað jafnræði að því er varðar aðgengi* fyrir nemendur með sérþarfir og námsþátttöku þeirra í almennum skólum;
- *ferli samsvarar jafnræði að því er varðar námstækifæri* fyrir nemendur með sérþarfir og þeirra möguleika innan kerfisins að þeim sé veittur viðeigandi stuðningur og komið sé til móts við sérþarfir þeirra;
- *útkoma samsvarar jafnræði að því er varðar tækifæri* og möguleika á velgengni í námi og félagslífi, og tilfærslumöguleika sem nemendur með sérþarfir eiga kost á;
- *niðurstæða samsvarar jafnræði að því er varðar persónulegt sjálfstæði* í námi og að námi loknu, einkum vegna möguleika á aðstoð stofnana og samtaka sem nemendum með sérþarfir standa til boða við að aðlagast samfélaginu í víðari skilningi.

Þegar réttindamál eru kortlögð í heild sinni þarf að skilgreina bæði meginndlega og eigindlega vísbenda í tengslum við:

- þátttöku í námi og þjálfun;
- aðgengi að stuðningi og húsnæði;
- árangur í námi og möguleika á tilfærslu;
- möguleika á aðstoð stofnana og samtaka.

Megindlegir vísbandar sem hægt er að nota í tengslum við þátttöku

Þær upplýsingar sem nú liggja fyrir í viðkomandi löndum sýna að hægt er að skilgreina vísbendi um þátttökuhlutfall nemenda á skólaaldri í almennu námi fyrir gagnasöfnun sem fer fram á landsvísu og einnig Evrópuvísu. Sá vísbendir sem nú er tiltækur út frá þeim gögnum sem liggja fyrir sýnir hlutfall nemenda með sérþarfir sem stunda nám við séraðstæður. Skilgreining á námi við séraðstæður, samkvæmt aðildarlöndum Evrópumíðstöðvar fyrir þróun í sérkennslu, felur í sér að nemandi hefur verið greindur með sérþarfir í heimalandi sínu og stundar að mestu leyti nám í sérdeild eða sérskóla – um eða yfir 80% hvers skóladags.

Þegar unnið var að ofangreindu verkefni kom fram að upplýsingar um nemendur með sérþarfir sem stunda nám við séraðstæður eru þau gögn sem eru samanburðarhæfust á milli landa og að nota má þessi megindlegu gögn til að sýna að úrræði og breytingar í átt að námi án aðgreiningar leita í tiltekinn farveg.

Upplýsingar um þátttöku gætu þó komið að mun meira gagni ef þær tengdust kerfisbundnari gagnasöfnun um nemendur og/eða starfið í skólastofunni. Sjá má að vísbandar sem tengjast fremur stefnumálum yrðu ekki einungis samanburðarhæfir – bæði milli landa og með gagnasöfnun til lengri tíma – heldur myndu beinast að þátttöku í almennum skólum, en ekki sérúrræðum.

Gagnasöfnun ætti framvegis að taka mið af námi án aðgreiningar öllum nemendum til handa í samræmi við röksemdir um réttindi og jafnræði allra nemenda til náms.

Við rannsókn á gögnum sem hægt væri að afla í viðkomandi löndum gæti hugsanlegur vísbendir beinst að upplýsingum um *hlutfall allra nemenda í tilteknum aldurshópi (t.d. 9 eða 14 ára gömlum nemendum) sem stunda almennt nám með jafnöldrum sínum minnst 80% af námstímanum*. Nota mætti aðferð sem allir eru sammála um við gagnasöfnun í viðkomandi löndum: annaðhvort ætti að safna gögnum um alla nemendur á tilteknum aldri eða velja handahófsúrtak.

Þessi vísbendir hefur ýmsa kosti í för með sér: hann gefur upplýsingar um starfið í skólastofunni sem staðfesta upplýsingar á landsvísu eða innan tiltekins svæðis, beinist að öllum nemendum (ekki einungis þeim sem greindir eru með sérþarfir) og leggur því áherslu á nám án aðgreiningar en ekki sérúrræði.

Niðurstöður verkefnisins sýna fram á að megindleg gagnasöfnun samkvæmt þessum vísbendi er framkvæmanleg og gæti komið að gagni, og hægt væri að stefna að slíkri söfnun á Evrópuvísu í náinni framtíð.

Eftirlit með skilvirkni menntakerfa þar sem nám fer fram án aðgreiningar

Í gögnum þar sem skilvirkni menntakerfa án aðgreiningar er rannsökuð er litið til ýmissa þátta: upphaflegrar matsaðferðar, til stöðugrar þátttöku nemenda í náminu og aðkomu aðstandenda þeirra, og hvernig til tekst í skólunum við að sigrast á hindrunum og stuðla að uppbyggilegri menntun fyrir alla.

Á landsvísu ættu gögnin að:

- gera áætlanagerð og eftirlit með fjármögnun og starfsfólki auðveldari viðfangs;
- kveða á um skilvirkni kennaramenntunar;



- leggja mat á fjárhagslega hagkvæmni kerfisins.

Innan skólanna ætti gagnasöfnun að:

- veita upplýsingar sem gera kennurum og fagfólki í skólum auðveldara að skipuleggja starf sitt og sjá til þess að nemendur njóti viðeigandi stuðnings og úrræða;
- gefa góða innsýn í hvernig foreldrum og nemendum er gert kleift að taka fullan þátt í námsferlinu.

Könnun á skilvirkni menntakerfa án aðgreiningar tengist framlagi sem eykur fjárhagslega hagkvæmni, þar sem viðkomandi lýsiorð snýst um fjárveitingu.

Menntunarferlið tengist fjórum lykilatriðum og viðkomandi lýsiorðum:

- 1 - móttækileika fyrir fjölbreytileika, eins og fram kemur í gögnum um innritun;
- 2 - gæðum menntunar, eins og fram kemur í gögnum um námsmat;
- 3 - gæðum stuðningsþjónustu, eins og fram kemur í gögnum um skipulag;
- 4 - skilvirkni kennara, eins og fram kemur í gögnum um kennslu.

Áætlun um gagnasöfnun á Evrópuvísu

Ef gengið er út frá öllum tilmælunum sem fram koma í verkefninu „Innleiðing menntastefnu um nám án aðgreiningar kortlögð“ má setja fram áætlun um framtíðarþróun gagnasöfnunar í Evrópu sem byggist á sameiginlegu átaki á lands- og Evrópuvísu. Gera þarf heildaráætlun um gagnasöfnun á Evrópuvísu þar sem verklok eru skipulögð til skamms tíma, lengri tíma og til meðallangs tíma.

Skammtímaáætlun um skipulag gagnasöfnunar ætti að styðjast við rannsókn Eurostat sem nú fer fram og byggist á megindegri gagnasöfnun um sérkennslu. Kanna ætti til hlítar hvort slík gögn séu þegar fyrir hendi með því að finna nothæfar upplýsingar í þeim gagnamengjum sem fyrirfinnast.

Í áætlun til meðallangs tíma um skipulag gagnasöfnunar í Evrópu ætti að leggja áherslu á að 24. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði innleidd, og að kannað verði til hlítar hvaða lykilupplýsinga og gagna skuli leita, rannsakað hvort slík gögn séu þegar fyrir hendi og gerð grein fyrir hvað gera þurfi til að hægt sé að afla þeirra upplýsinga sem enn fremur kunna að vera nauðsynlegar.

Í langtímaáætlun ætti gagnasöfnun að fara fram samkvæmt skipulagi sem samkomulag ríkir um og þar sem unnið er innan sameiginlegs ramma í öllum viðkomandi löndum. Sérfræðingar sem unnu að verkefninu bentu á að almennt samkomulag þyrfti að ríkja um alla gagnasöfnun þar sem kveðið væri á um hugtök, skilgreiningar og aðferðir sem hægt væri að útfæra á landsvísu „að lágmarki“.

Þessa áætlun skyldi byggja á þeirri forsendu að nám án aðgreiningar sé brýnt gæðanna vegna og hún myndi stuðla að því að megindegri og eigindleg innsýn fengist í skilvirkni menntastefnu um nám án aðgreiningar og gæði slíks náms með því að fylgst væri með réttindum nemenda og jafnræðis gætt.

Til að þessi Evrópuáætlun verði virk þurfa viðkomandi lönd að komast að samkomulagi um fjögur atriði til að efla alla starfsemina innan Evrópu:

- tilgreina þarf hvaða vitneskju þarf að afla í einstökum löndum og á alþjóðavísu;
- tilgreina þarf hvaða gögn eru tiltæk og skila mestum árangri, og hvaða gögn þarfnast frekari þróunar;
- skilgreina þarf aðferðir og fyrirkomulag við samfellda söfnun gagna innan Evrópu og á landsvísu;
- leita þarf leiða til að tryggja samanburðarhæfni.

Lykilaðilar þurfa að eiga samvinnu á landsvísu þar sem skýr rök eru fyrir því að safna þurfi lands- og svæðisbundnum upplýsingum og einnig upplýsingum um skóla og starfið í skólastofunni ef landsgögnin eiga að gefa rétta mynd af aðstæðum.

Öll gagnasöfnun á Evrópuvísu verður augljóslega að byggjast á söfnun landsgagna, tengjast rammaáætlun um Evrópusamstarf á sviði náms og menntunar (ET 2020) sem og öðrum Evrópuáætlunum, og styðjast verður við gagnasöfnunarkerfi Menningarmálastofnunar SÞ (UNESCO), Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Efnahags- og framfararstofnun (OECD) (alþjóðlegu flokkunarkerfi (UOE) um fræðslumál), og þau kerfi sem Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu og aðrir alþjóðlegir aðilar nota.

Stuðla skal að samvinnu viðkomandi aðila í Evrópustarfi til framtíðar með enn samræmdari vinnubrögðum við gagnasöfnun. Sú samvinna sem nauðsynleg er við að kortleggja hvernig menntastefna um nám án aðgreiningar er innleidd krefst þess að starfinu sé settur ákveðinn rammi sem gerir þeim aðilum sem koma að gagnasöfnun í Evrópu kleift að eiga gott samstarf, miðla hver öðrum þekkingu og sérfræðikunnáttu og skilgreina sameiginleg sjónarmið. Með slíkum vettvangi – sem byggja má á starfi Evrópumíðstöðvarinnar – yrði stefnt að því að efla starfsemi annarra aðila í Evrópu á þessu sviði, sem og stuðlað að söfnun landsgagna um nám án aðgreiningar.

Heimildir

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO 2011). *World Report on Disability*. Genf: Sviss. WHO.

Niðurstöður ráðsins frá 12. maí 2009 um „Strategic Framework For European Cooperation In Education and Training“ (ET 2020) (Stjórnartíðindi EB, C 119 frá 28.5.2009)

Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópupingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar ESB og svæðanefndarinnar. *Áætlun ESB um málefni fatlaðra 2010–2020: A Renewed Commitment to a Barrier-Free Europe*. Com(2010) 636 Final

Sameinuðu þjóðirnar (2006). *Samningur um réttindi fatlaðs fólks*, New York: Sameinuðu þjóðirnar. Rafrænar heimildir á netslóðinni: <http://www.un.org/disabilities/convention/conventionfull.shtml>

Í þessu riti eru teknar saman helstu niðurstöður verkefnisins „Innleiðing menntastefnu um nám án aðgreiningar kortlögð“ (2011). Hægt er að nálgast verkefnisskýrsluna í heild sinni á slóðinni: <https://www.european-agency.org/agency-projects/mipie>

Senda skal beiðni um prentuð eintök til aðalskrifstofu Evrópumíðstöðvarinnar: secretariat@european-agency.org



Um verkefnið „Innleiðing menntastefnu um nám án aðgreiningar kortlögð“

Aukin áhersla á að stefnumótendur sýni fram á hvernig stefnumál stuðla því að nám án aðgreiningar festi sig í sessi verður til þess að safna þarf á kerfisbundinn hátt eigindlegum og meginndlegum upplýsingum sem veita svör við lykilspurningum og nota má í hverju landi til langframa til að kortleggja þróunina þar, og gera jafnframt samanburð milli landa á þróun mála.

Verkefnið „Innleiðing menntastefnu um nám án aðgreiningar kortlögð“ var unnið á vegum Evrópumíðstöðvarinnar fyrir þróun í sérkennslu og hlaut styrk frá símenntunaráætlun Evrópusambandsins skv. samningsnúmerinu: 510817-2010-LLP-DK-COMENIUS-CAM. Verkefnið var unnið á einu ári af rúmlega 60 sérfræðingum frá 27 löndum:

Austurríki, Belgíu (flæmsku- og frönskumælandi hlutum), Bretlandseyjum (Englandi, Skotlandi og Wales), Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Íslandi, Ítalíu, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Noregi, Portúgal, Póllandi, Slóveníu, Spáni, Sviss, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.

Meginmarkmið verkefnisins var að byggja á því starfi sem fram fer á lands- og Evrópuvísu – með því að nota upplýsingar sem safnað var í viðkomandi löndum meðan verkefnisvinnan fór fram – og móta tillögur sem lýsa í grófum dráttum hvernig nýta skuli gagnasöfnun á lands- og Evrópuvísu til framtíðar til að kortleggja hvernig menntastefna um skóla án aðgreiningar er innleidd.

Sérstök áhersla var lögð á að stefnumótandi aðilar frá 27 löndum kæmu að verkefninu til að:

- gera grein fyrir því hvaða upplýsingum stefnumótendur þurfa að hafa aðgang að;
- tilgreina hvaða upplýsingar eru nú þegar til staðar;
- sýna fram á hvað vantar inn í fyrirliggjandi upplýsingar;
- gera nákvæmar tillögur um hvernig safna megi nauðsynlegum upplýsingum í framtíðinni sem nota skuli til að kortleggja stöðuna í einstökum löndum og bera saman aðstæður í Evrópulöndunum.

Tvær ráðstefnur voru haldnar meðan unnið var að verkefninu – í Brussel í desember 2010 og Búdapest í mars 2011. Báðar voru þær haldnar í samvinnu við menntamálaráðuneyti viðkomandi landa og markmiðasetning var í báðum tilvikum skýr og tengdist úrvinnslu úr hugsanlegum niðurstöðum verkefnisins, þar með talið lokatilmælum þess.

Hægt er að nálgast verkefnisskýrsluna í heild sinni, báðar ráðstefnuskýrslurnar, samantekt á söfnun allra landsgagna sem og allt efni sem tengist verkefninu á slóðinni:

<http://www.european-agency.org/agency-projects/mipie>



© European Agency for Development in Special Needs Education 2011



Framkvæmdastjórn ESB styrkti þetta verkefni. Þetta rit endurspeglar aðeins skoðanir höfundar, og framkvæmdastjórn ESB ber ekki ábyrgð á því hvernig viðkomandi upplýsingar kunna að verða notaðar.